

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluta.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluta, til að öðlast gildi 1. janúar 1999.

Gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluti, nr. 266 22. apríl 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

H.1 Almenn notkun:

Vatnsgjald	236 kr./ferm.
Fast gjald	5.607 kr./ár

H.2 Garðyrkjunotkun:

Vatnsgjald	236 kr./ferm.
Fast gjald	14.024 kr./ár

Aðrir taxtar standi óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. desember 1998.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0407.0000	Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.01.-31.12.99	ótilgr.	0	77
0404.9000	Annað (mysuduft)	01.01.-31.12.99	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407-0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1999 og gildir til 1. janúar 2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. desember 1998.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Sigríður Nordmann.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 498, 12. ágúst 1998, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Í stað „31. desember 1998“ í B.-lið 2. gr. komi: 31. ágúst 1999.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 11/1998 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda er lauk 31. júlí 1998.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1997 og eigna í lok þess árs 19. janúar 1999 í stað 22. desember 1998.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.